



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Til lýtalækna

FO
564 4/100 Fax

Reykjavík, 05.01.2012
1201025/4.1.0/Geir Gunnlaugsson/gg

Efni: Innköllun gagna vegna lýtaaðgerða á brjóstum

Í ljósi þróunar mála er varða Poly Implant Prothesis (PIP) brjóstafyllingar frá Frakklandi þá hefur landlæknir ákveðið að kalla eftir upplýsingum frá öllum lýtalæknum um hvaða konur hafa gengist undir ígræðslu á brjóstafyllingum hér á landi frá upphafi ársins 2000. Tilgangurinn er að fá yfirsýn yfir fjölda kvenna sem hafa fengið brjóstafyllingar, hversu margar þeirra hafa fengið PIP fyllingar og tíðni fylgikvilla vegna þeirra og annarra fyllinga. Er þess vænst að í sjúkraskráum lækna sé skráð hvernig brjóstafyllingu hver kona fékk og vonandi upplýsingar um framleiðanda með rekjanleikanúmerum og/eða framleiðslutíma.

Læknum ber að halda sjúkraskrár fyrir sjúklinga sína og landlæknir hefur um árabil kallað eftir gögnum frá heilbrigðisstofnunum en sama skráningarskylda hvílir á sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 var hnykkt á rétti landlæknis til að kalla eftir persónugreinanlegum gögnum vegna eftirlitsskyldu landlæknis með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Þá skal landlæknir enn fremur halda tilteknar persónugreinanlegar skrár á landsvísu, m.a. um starfsemi heilbrigðisþjónustu. Ein þessara skráa er *Samskiptaskrá sjálfstætti starfandi sérfræðinga*. Hún hefur ekki náð fullri þekjun á landsvísu og því þarf að sérvinna þessa skrá sem nú er kallað eftir gögnum í.

Vegna vísbendinga um aukna tíðni fylgikvilla í PIP brjóstafyllingunum og skorts á miðlægrri skráningu á þeim er því kallað eftir gögnum. Vinsamlegast sendið embættinu lista yfir allar aðgerðir sem gerðar hafa verið á brjóstum kvenna á þinni stofu sem fela í sér notkun brjóstafyllinga eða þær sjarlægðar vegna fylgikvilla. Óskað er eftir upplýsingum um allar aðgerðir sem flokkast í yfirflokkana HAD (*Lýtaaðgerðir á brjósti*) og HAE (*Endurgerð brjósts*) skv. Norrænu skurðaðgerðaflokkuninni NCSP eða HASD eða HASE í Norrænu skurðaðgerðaflokkuninni NCSP+ eða NCSP-IS. Þessir kóðar og sjúkdómsgreiningar úr ICD-10 sem þessir sjúklingar kunna að hafa fengið eru tundaðar í fylgiskjali.

Óskað er eftir að gögnum sé skilað á Excel formi og að uppsetning sé í samræmi við meðfylgjandi Excel skjal. Fram þarf að koma kennitala eða rekstraraðilanúmer starfsstöðvar, kennitala konunnar, dagsetning aðgerðar, ICD-10 sjúkdómsgreining, aðgerðanúmer (þegar við á) og aðgerðaheiti skv. NCSP eða NCSP+/NCSP-IS (sjá viðauka) og loks vöruheiti fylliefnis. Aðgengilegar upplýsingar frá framleiðanda með rekjanleikanúmerum og/eða framleiðslutíma þurfa að fylgja, séu þær aðgengilegar. Enn fremur er óskað eftir að athugasemdir séu skráðar í




frjálsum texta (sjá aftasta reit) eftir því sem við á, t.d. ef læknir fjarlægir brjóstafyllingu án þess að þekkja uppruna hennar. Í slíkum tilvikum væri gagnlegt að fá nafngreindan lækni eða heilbrigðisstofnun þar sem brjóstafyllingin var grædd í konuna. Það getur komið upp að kona hafi farið í fleiri en eina aðgerð og er það þá skráð í fleiri en eina línu. Tilgreindar dagsetningar lýsa þá hvaða aðgerðir eru gerðar samtímis.

Þar sem um trúnaðargögn er að ræða er óskað eftir að umrædd gögn verði send í gegnum svokallaðan gagnaskilahnapp sem finna má á vef Landlæknisembættisins (www.landlaeknir.is), sjá nánari leiðbeiningar í viðhengi. Það skal áréttað að skrá sem send er um gagnaskilahnapp er dulkóðuð á þeirri leið og flyst sjálfkrafa inn á öruggt net hjá Embætti landlæknis.

Ef þörf er á nánari upplýsingum eða leiðbeiningum við gagnaskilin skal spurningum beint til Hildar Bjarkar Sigbjörnsdóttur á tölvupóstfangið hildur@landlaeknir.is eða í síma 510-1900.

Vinsamlegast skilið gögnum eigi síðar en 13. janúar 2012.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir